




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Klettaborg

Starfsáætlun 2022 – 2023



Gleði Virðing Öryggi

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	2
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	3
3	Innra mat deilda	5
	Fálkaklettur.....	5
	Arnarklettur	7
	Hrafnaklettur	9
	Kríuklettur.....	11
4	Innra mat sérkennslu.....	13
5	Innra mat – fjöltyngd börn	14
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
8	Foreldrasamvinna	17
9	Skipulagsdagar	17
10	Skóladagatal	18
11	Greinargerð verkefnastjóra Menntastefnuverkefnisins „Nú er úti veður“	19
12	Umsögn foreldraráðs.....	20



Leiðarljós leikskólans

Gleði – Virðing - Öryggi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Eftir liðið ár í leikskólanum er óhætt að segja að efst í huga mér er þakklæti fyrir frábæra samvinnu og hjálpsemi allra sem að skólanum koma. Covid 19 hafði áhrif þar sem flestir starfsmenn og mörg börn veiktust. Þurftum við að skerða þjónustu vegna þessa hluta úr dögum og voru foreldrar einstaklega skilningsríkir. Takk fyrir elsku foreldrar.

Starfsáætlun síðasta árs hefur engu að síður gengið vonum framar þar sem öll okkar verkefni hafa unnist vel og áhersla á vellíðan, öryggi og gleði hefur verið í hávegum.

Þróunarverkefnið „Nú er úti veður“ hefur gengið með ágætum, ræktun, útileikir, tilraunir með fjölbreyttan efnivið úti á lóðinni og í náttúrunni í nærumhverfi leikskólans. Í verkefninu hefur sjónum verið beint að öllum meginmarkmiðum Menntastefnu Reykjavíkur sem byggir á fimm grundvallarþáttum, félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Heilbrigði var efst á listanum og leiddi hún aðra þætti áfram.

Á stjórnendafundum og deildarfundum allan veturinn hefur starfsfólk rætt samskipti, árangur og umbætur varðandi ofangreinda þætti sem verið er að vinna með alla daga. Mjög ánægjulegt og gefandi að eiga faglegt samtal um kennslu, kennsluhætti og þau verkefni sem unnið er með hér í Klettaborg.

Útskrift elsta árgangsins fór fram í maí þann dag nóttaði húsið af gleði og eftirvæntingu. Framtíðin er björt, við vonum að það verði áfram vel haldið utan um börnin sem nú feta nýja slóð.

Það hressti aldeilis andann hér þegar sá veruleiki blasti við okkur á vordögum að gríman féll og við máttum sjá framan í foreldra, þeirra fallegu bros alveg inn að deildum og gleðin tók völd í allri sinni dýrð.

Þá endaði vetrarstarfið með stæl þar sem farið var í langþráða náms og kynnisferð starfsmanna til Bretlands nánar Brighton. Þar gekk allt vel mikil fagvinna og umfram allt félagsandinn styrktist sem var nú aldeilis góður fyrir.

Námskeið/ fyrirlestur frá höfundi bókarinnar *My Magical Garden* sem leiddi okkur í gegnum leyndardóma *the Magical Garden* sem er ótrúleg leið til að vinna með börnum að meiri vellíðan. Ekki spurning að við munum fella fræðslu úr þeirri bók inn í okkar starf næsta vetur, allir starfsmenn voru heillaðir svo ekki sé meira sagt. Bókin er til í leikskólanum og foreldrum er velkominn að fá hana lánaða ef áhugi er fyrir því – við getum unnið svo mikið úr henni saman, mörg góð ráð og góðar leiðir til að ná til barnanna. Ímyndunaraflað er svo mikill kraftur og kannski ekki nægjanlega metinn í daglegum samskiptum, við skoðum það.

Stöðugleiki í starfsmannahópnum heldur velli og þurfum við ekki að ráða inn nýja starfsmenn nema í afleysingar fyrir starfsfólk sem eru í fæðingarorlofi.

Framtíðin er björt.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsáætlun / Markmið og leiðir	Á fundum deilda og stjórnenda	Starfsmenn og stjórnendur	Starfsáætlun hefur gengið vel þrátt fyrir að við höfum þurft að breyta tímasetningum, draga úr efnisþáttum og auka aðra í staðinn vegna Kórónuveirunnar. Vildum gefa endurmati og samtali um alla þætti meiri tíma. Munum hafa það í áætlunum fyrir starfsmanna og deildarfundi næsta árs.
Menntastefnuverkefnið Nú er úti veður	Fundir / gátlistar	Starfsmenn allra deilda	Gekk vel og mikill áhugi fyrir áframhaldi á verkefninu sem unnið verður með á næsta skólaári.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Fræðsla og þjálfun	Spurningar í tölvu	Starfsmenn	Almenn ánægja með fræðslu og þjálfun. Umbætur: Rýna niðurstöður og leiðir til umbóta á fyrsta skipulagsdegi haustsins. Viðhalda góðum fræðslutækifærum og þjálfun með aðkomu allra. Stjórnendur fylgja eftir.
Starfsánægja	Spurningar í tölvu	Starfsmenn	Mjög mikil ánægja og verður því fylgt eftir og viðhaldið gegnum viðtöl. Stjórnendur fylgja eftir.
Sveigjanleiki í starfi	Spurningar í tölvu	Starfsmenn	Almenn ánægja og gott jafnvægi milli starfs og einkalífs. Mikilvægt að viðhalda og ræða leiðir á fundum í vetur. Stjórnendur fylgja eftir.
Upplýsingaflæði vinnuáðstaða og	Spurningar í tölvu	Starfsmenn	Almenn ánægja – sjáum að árangur er að nást í þessum lið og höldum áfram á þeirri braut að hvetja fólk til að lesa tölvupóstinn sinn og tilkynningar á Facebook síðunni okkar og vera dugleg að sitja inn fréttir, hugmyndir og tilkynningar sem virkað hefur vel. Stjórnendur fylgja eftir.
Betri vinnutími/stytting	Spurningar í tölvu	Starfsmenn	Niðurstöður, starfsmenn eru ánægðir með styttri vinnuviku en álag hefur aukist og áhrif á tilhögun / tímasetningar þarf að skoða betur. Ábyrgð: Nefnd um styttingu og stjórnendur
Covid19	Spurningar í tölvu	Starfsmenn	Covid 19 hefur haft mikil áhrif á starfsmenn. Stjórnendur munu í kjölfar Covid 19 ræða líðan starfsfólks einslega og í hópum. Stjórnendur fylgja eftir og ræða við fólk um líðan sem er þegar orðin betri.

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Í ljósi mjög góðra niðurstaðna úr ytra mati munum við þó skoða alla þætti þess bæði þá sem skora hátt með því að ræða þá og hvernig megi gera enn betur í hverjum lið fyrir sig og þau atriði sem skora lægra verða ígrunduð og fundnar leiðir með því að fá þátttöku allra starfsmanna í litlum hópum þar sem lögð verður áhersla á að allir fái áheyrn og geti komið með tillögum að úrbótum. Farið verður í þessa vinnu á fyrsta skipulagsdegi í haust.

Markmið og leiðir sett fram með yfirskriftina „Gerum gott betra“

Mannauðsráðgjafi frá Skóla og frístundasviði verður fengin til að lesa / rýna niðurstöður úr könnuninni með okkur áður en hafist verður handa við að skipuleggja áfram og dýpka umbótaáætlun á góðu nótunum.

3 Innra mat deilda

Fálkaklettur

Starfið á Fálkakletti gekk vel í vetur. Þó setti veikindi barna og starfsmanna strik í reikninginn og tilfærsla starfsmanna milli deilda. Að hausti kom alveg nýr barnahópur inná deildina og gekk vel að aðlaga þau deildinni. Í vetur náðum við að bjóða foreldrum til okkar í foreldraviðtöl að hausti og aftur að vori. Næsta vetur verður barnahópurinn að mestu sá sami og verða þau elstu börnin í leikskólanum.

Við unnum með þau verkefni sem eru í föstum skorðum á deildinni; Málörvun með Lubba, vináttuverkefnið með Blæ bangsa og Sögugrunninn. Verkefnin gengu vel á haustönn en á vorönn náðum við að halda inni verkefnunum en ekki eins og við ætluðum að hafa það. Þar komu veikindi og starfsmannabreytingar til sögunnar. Í haust lögðum við af stað með hópa í ýmis verkefni en fórum yfir í að hafa flæði í verkefnum sem nýttist betur þegar það vantaði börn og eða starfsmenn. Flæði í starfinu virkar vel hjá okkur og munum við vinna meira með það næsta vetur. Við notuðum skráningar til að halda utan um verkefnin. Við höldum áfram að vinna með þessi verkefni sem eru orðin að föstum lið í daglegu starfinu hjá okkur.

Þjóðsagan var á sínum stað á vorönn og er skemmtilegt verkefni sem gekk vel og fléttaðist inn í daglega starfið okkar. Öll börn endursögðu söguna og bjuggu til bók með sögunni, myndskreyttu og fóru með heim. Einnig voru gerð leirlistaverk og fleiri verkefni í tengslum við þjóðsöguna.

Menntastefnuverkefnið okkar Nú er úti veður gekk mjög vel á haustönn og náðum við að fara í skemmtilegar ferðir með hópinn okkar. Ferðir á vorönn voru færri en við áætluðum. Þetta árið fórum við með allan hópinn saman í ferðir og ætlum að gera það líka næsta vetur þar sem börnin verða öll á elsta ári og mikið um ferðir fyrir elsta árganginn. Ekki náðist að virkja börnin í að meta ferðirnar en þær voru allar skráðar með myndum og settar í möppu. Því ætlum við að setja það aftur í umbótaáætlun að þau meti ferðirnar og starfið á deildinni og fái þannig að hafa áhrif á starf deildarinnar.

Ekki náðist að byrja með markvissa umhverfismennt, en það verður í umbótaáætlun næsta vetur. Ræktun á grænmeti og kartöflum í gróðurkössunum okkar heppnaðist mjög vel og var grænmetið á boðstólnum í matartíma barnanna. Haldið verður áfram að rækta grænmeti hjá okkur.

Þeir þættir sem settir voru í umbóta áætlun gengu misvel. Ekki náðist að hafa markvisst „gefðu 10“ en við teljum okkur hafa unnið að markmiðinu sem er að kennarar eigi í samskiptum við öll börn, en það er markmið deildarinnar að hafa frumkvæði að samskiptum við öll börn og að öll börn fái að hafa og segja sína skoðun. Málumhverfið inn á deild er mjög gott, mikið talað við öll börnin, lesið á hverjum degi og mikið rætt saman í samverustundum. Allir lærðu eina þulu í hverjum mánuði og voru mörg ný orð sem lærðust þar. Næsta vetur ætlum við að vinna með gefðu 10 og halda áfram með markvissa málörvun fyrir tvítyngd börn og þau börn sem þurfa aukna málörvun. Starfsmaður á deildinni mun taka það að sér og halda utan um það með deildarstjóra.

Það náðist að hafa heimsóknir milli deila að hluta til en vegna aðstæðna / covid var það ekki eins og við ætluðum okkur en við náðum viðmiðinu að hvert barn færi í eina heimsókn fyrir og eftir áramót. Við ætlum okkur að hafa það áfram næsta vetur og að það sé hluti af valinu eftir nónhressingu. Haldið verður utan um það með skráningum.

Á vorönn fengu Börnin að velja verkefni sem þau vildu hafa í ferilmöppunni sinni. Þau fengu val um að láta taka mynd af sér í starfinu, úti eða inni, teikna, mála mynd eða það sem þau vildu hafa í möppunni. Þetta er skemmtilegt verkefni og ætlum við á næsta ári að þau velji sér eina skráningu úr starfinu eða ferðum til að hafa í möppunni. Því það náðist ekki í vetur og verður því sett í umbótaáætlun. Einnig fengu þau að velja ljósmyndir af sér til að hafa í ferilmöppunni og tvær hópmyndir eftir vetrarstarfið.



Innra mat Fálkakletts

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat barna á verkefnum viðburðum ferðum deildarinnar	Að börnin meti þætti í starfi deildarinnar og hafi áhrif á starfið	Nota myndrænt mat og skráningu eftir ákveðin verkefni	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Haust 22	Vor 23	Skráningar og umræðumat á deildarfundi í nóv 22 og apríl 23	Að hvert barn eigi 2 skráningar í ferilmöppu eftir veturinn
Aukin málörvun	Efla málproska barna og auka samskipti milli kennara og barna	Vinna með gefðu 10 vinna með spil, lestur og verkefni úr hljómi 2	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Haust 22	Vor 23	Skráningar og umræðumat á deildarfundi í nóv 22 og apríl 23	Að allir fari í málörvun eða málörvunarverkefni 1 sinni í viku
Umhverfismennt	Að börnin fræðist um af hverju það sé mikilvægt að ganga vel um jörðina.	Opnar umræður í samverustundum og í daglegu starfi um hvað við getum gert til að ganga vel um jörðina okkar	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Haust 22	Vor 23	Umræðumat á deildarfundi	Að gera börnin meðvituð um að við getum öll tekið þátt í að hugsa vel um jörðina.



Arnarklettur

Í heildina gekk starfið á Arnarkletti vel í vetur og gerðum við okkar besta í þeim aðstæðum sem sköpuðust m.a. vegna heimsfaraldurs, veikinda og ýmissa framkvæmda í húsinu.

Eins og fyrri ár lögðum við áherslu á læsi og eru mörg verkefni búin að festa sig í sessi innan deildarinnar. Barnahópurinn var að stærstum hluta sá sami og í fyrra og gátum við byggt ofan á vinnu fyrri vetrar. Við höldum uppteknum hætti með Lubbi finnur málbein, unnum með þulur, lásam í litlum lestrarhópum á hverjum degi, spiluðum, skrifuðum og unnum ýmiskonar málörvunarverkefni til að efla málþroska barnanna. Farið var í reglulegar stafagöngur þar sem teknar voru myndir af því sem börnin fundu í umhverfinu með staf vikunnar. Þessi vinna hefur skilað góðum árangri og má þar sérstaklega nefna að börnin voru áhugasöm um að láta lesa fyrir sig og hlustuðu af áhuga og athygli. Einnig voru börnin áhugasöm um ritmál og voru dugleg að leita af orðum í umhverfinu og tengja þau við staf/málhljóð vikunnar.

Vináttuverkefni Barnaheillar er fastur liður í starfinu og bangsinn Blær fær að fylgja börnunum í leik og starfi. Skipulagðar Blæstundir voru einu sinni í viku þar sem unnið var m.a. með klípusögur, nuddstundir og ýmsa fræðslu til að stuðla að góðum samskiptum milli barnanna. Þessi vinna hefur stuðlað að því að börnin eru færari í að tala um tilfinningar sínar, láta vita ef eitthvað kemur upp á og eiga betri samskipti hvort við annað.

Þjóðsaga vetrarins var sagan um Búkollu og fléttaðist vinna tengd henni inn í allt starfið. Skapandi starf var á sínum stað og fengu börnin eins og fyrri ár að kynnast og vinna með ýmiskonar efnivið, áhöld og mismunandi vinnuaðferðir til að notast við í sköpun sinni. Verkefnin voru fjölbreytt og voru þau hengd upp inni á deild og fóru síðan heim eftir það eða þeim var safnað í ferilmöppur barnanna sem þau fá með sér heim að lokinni leikskólagöngunni. Skapandi starf hefur skilað sér til barnanna í formi aukins áhuga á ýmiskonar sköpun bæði í frjálsa leiknum og skipulögðu starfi. Þau voru dugleg að finna upp á nýjum verkefnum og voru viljug að deila sín á milli allskonar hugmyndum um hvað hægt væri að búa til.

Nú er úti veður... Menntastefnuverkefni leikskólans hélt áfram í vetur þar sem aðaláherslan var á heilbrigði. Lagt var upp með auka hreyfingu í útiveru og að nýta nærumhverfið til ýmissa verkefna. Við höfum smám saman verið að byggja ofan á verkefnið og síðastliðið vor voru m.a. útbúnir gróðurkassar til ræktunar á ýmiskonar grænmeti og góðgæti. Um haustið var uppskeruhátíð þar sem börnin fengu að gæða sér á uppskeru sumarsins. Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á börnin. Úthald hefur aukist, þau eru færari í að finna sér leiki í útiveru og þau hafa sýnt ræktuninni mikinn áhuga og bíða spennt eftir næstu uppskeru.

Umbótaþættir síðasta vetur gengu ágætlega en þeir voru gefðu 10 og aukið samstarf milli deilda. Heimsóknir milli eldri deilda voru eftir síðdegishressinguna og markmiðin náðust og munum við halda áfram að byggja ofan á það næsta vetur. Gefðu 10 er verkefni sem mun halda áfram næsta vetur og vonumst við til að festa það enn betur í sessi. Í umbótaþátt fyrir næsta vetur munum við leggja áherslu á að láta börnin meta starfið, setja umhverfismennt í forgrunn í Menntastefnuverkefnið og setja inn auka málörvun fyrir þau börn sem þurfa á því að halda.

Það verða töluverðar breytingar á barnahópnum en elstu börnin munu kveðja okkur í sumar og ný börn koma á deildina í haust. Einungis þrír drengir halda áfram á deildinni í vetur svo áhersla verður lögð á að nýju börnin tileinki sér reglur og dagskipulag deildarinnar strax í haust ásamt því að vinna með öll ofangreind atriði.



Innra mat á Arnarkletts

	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Sýn barna	Börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið og fái tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi. Styrkja sjálfsmynd barnsins. Aukið lýðræði. Börnin fá tækifæri hafa áhrif á náms-umhverfið sitt.	Unnið verður með ýmsar aðferðir til að fá börnin til að meta starfið.	Október '22 – mars '23	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Skráningar og umræðumat á deildarfundi jan '23 -maí '23	Styrkja sjálfsmynd barnsins. Aukið lýðræði. Börnin fá tækifæri til að meta starfið og hafa áhrif á náms-umhverfið sitt.
Málörvun	Efla málþroska og auka samskipti milli kennara og barns.	Gefðu 10 aðferðin sé notuð með þeim börnum deildarinnar sem þurfa auka málörvun. Unnið með þætti úr TRAS.	sept '22 – maí '23	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Stöðumat í desember '22 og maí '23. Einnig jafnt og þétt yfir veturinn.	Niðurstöður úr TRAS.
Umhverfis-mennt	Að börnin fræðist um af hverju það sé mikilvægt að ganga vel um jörðina.	Opnar umræður í samveru-stundum og í daglegu starfi um hvað við getum gert til að ganga vel um jörðina okkar	sept '22 til maí '23	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Umræðumat á deildarfundi	Að gera börnin meðvituð um að við getum öll tekið þátt í að hugsa vel um jörðina.



Hrafnaklettur

Í ágúst og september mánuði fór fram aðlögun á Hrafnakletti. Aðeins 3 börn urðu eftir á deildinni og 12 ný börn komu til okkar, sum þeirra leikskólavön en önnur höfðu ekki verið í dagvistun. Starfsfólk var sammála um að aðlögun þetta árið var í þyngra lagi og börnin lengur en við eigum að venjast að finna öryggi. Hugsanlega spilaði covid inn í það en einnig fjöldi nýrra barna og breytingar á starfsmannahóp.

Vetrarstarfið fór vel af stað og byrjaði verkefnavinna í október. Við unnum með Blæ (vináttuverkefni), listsköpun, hreyfingu, einingakubba og útinám „Nú er úti veður“. Gönguferðirnar voru fjölmargar og nánasta umhverfi kannað. Þar sem aldursbilið á deildinni var breytt var hópnum mikið skipt upp í eldri og yngri í verkefnum, samveru og lestarstundum.

Töluverð breyting varð á starfsmannahópnum í nóvember/desember þar sem tveir starfsmenn fóru í barnseignarfrí og þrír nýir starfsmenn byrjuðu á deildinni. Einn leikskólakennari kom aftur til starfa og þroskaþjálfari bættist í hópinn. En svona breytingar skapa skiljanlega óöryggi hjá ný byrjuðum börnum sem eru að mynda tengsl og traust. En eftir áramót voru engar breytingar og starfsmannahópurinn sterkur.

Covid var enn að hafa áhrif á starfið hjá okkur þar sem hólfaskipting var í húsi og við gátum ekki nýtt hluta af miðsvæði. Það hafði áhrif á umbótaþátt hjá okkur sem var einmitt að nýta betur húsnæðið og fækka börnum á deild.

Unnið var með Gefðu 10 með tveimur börnum á deildinni og gekk skráning vel og skilaði augljósum árangri hjá þeim börnum.

Tras var fyllt út að hausti og vori fyrir öll börn deildarinnar og niðurstöður kynntar í foreldraviðtölum.

Lestur skiptar stóran sess í deildarstarfinu og var hann skráður niður og myndaður ormur á veggnum inni í Hreiðri. Þannig verður bóka fjöldi sýnilegur börnum og starfsfólki. Næsta vetur verða heimilin tengd við lestur deildarinnar þar sem eitt barn á viku á ákveðnu tímabili kemur með bók að heiman sem lesin er í samverustund. Skráning á lestri mun halda áfram.

Heimsóknir milli yngri deilda voru örfáar þar sem covid og hólfaskipting í húsinu kom í veg fyrir að það gengi eftir. Ákveðið var að setja þennan þátt ekki aftur í umbætur.

Umbótaþáttur sem sneri að þátttöku barna í mati á starfi gekk vel. Yngstu börnin notuðu myndir (bros karl og leiður karl) en þau eldri sögðu frá sinni upplifun. Skráning var á bangsa/náttfataballi og Blæ stundum.

Þjóðsagan um Búkollu höfðaði vel til barnahópsins og var hún lesin daglega fyrstu vikurnar. Verkefnavinna tengd sögunni var fjölbreytt, teikningar, föndur, leirvinna og leikur og umræður skemmtilegar. Verkefninu lauk með endursögn barnanna.



Innra mat Hrafnakletts

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Vettvangsferðir/ fræðsluferðir	Æfa börn í ferðum út fyrir leikskólalóð, bæði fótgangandi og með strætó.	Starfsfólk hefur sett niður hugmyndir að ferðum og börn valin eftir aldri og getu.	Deildarstjóri/st arfsfólk deildar.	Sept2 022	Nóv 2022	Á deildarfundum /skráning.	Að hvert barn hafi farið í skipulagða ferð 2 sinnum yfir tímabil.
Bók dagsins	Tengja heimilin við lestur leikskólans.	Eitt barn á viku kemur með bók að heiman sem er lesin í samveru-stund.	Deildarstjóri/st arfsfólk deildar.	Jan 2022	Mái 2022	Á deildarfundum /skráning.	Að öll börn hafi komið með bók sem lesin er fyrir barnahópin á tímabilinu.



Kríuklettur

Um áramót tók ég við af Kristjönu Jóhannsdóttir sem deildarstjóri, en hún er í fæðingarorlofi.

Veturinn gekk vel hjá okkur. Í byrjun vorum við með litla hópa (hópastarf) þar sem fjölbreytt verkefni voru unnin. En þegar líða tók á vetur fórum við meira að vinna með flæði, tengdist það sérstaklega skapandi starfi. Einnig vorum þau að æfa sig í að velja leiksvæði og ganga frá þegar þau færu á milli staða í frjálsa leiknum. Eins og máltakið segir „æfingin skapar meistarann“ þetta verkefni gengur mjög vel hjá þeim.

„Nú er úti veður“ sem er hluti af Menntastefnuverkefni leikskólans hélt áfram eftir áramót. En við hefðum viljað hafa þær skipulagðari eins og að nýta oftari útikennsluboxin, mun það fara í umbótaáætlun deildarinnar.

Við leggjum mikla áherslu á að þau noti orðin sín, segja hvað þau vilja t.d. má ég fá, þegar hlutur er tekin frá þeim. Einnig að þau læri að setja sér og öðrum mörk, segi stopp.

En bangsinn Blær sem er Vináttuverkefni Barnaheilla kemur oft í heimsókn í samverustund og þá er rætt um einelti, (skilja ekki útundan) og allir eru vinir.

Læsi í víðum skilning er mikilvægt starf deildarinnar, unnið er með eina þulu mánaðarlega sem börnin myndskreyta og safna í þulubók. Við höfum skráð þær bækur sem lesnar eru í samverustundunum í hringlaga blöð sem mynda smátt og smátt lestraorm. Í vetur tengdum við leshringina við litamánuði leikskólans.

Einn þáttur umbótaáætlunarinnar var að fá foreldra með í lestraátakið og náðist sett markmið. Í mars voru foreldrar beðnir um að taka þátt í lestraátakinu með okkur og komu börnin með skráningar af lestri að heiman. Á tveggja vikna tímabili voru yfir 70 skráðar bækur í heimalestri og voru börnin mjög áhugasom um skráninguna.

Búkolla var þjóðsaga vetrarins í leikskólanum. Verkefnin voru af ýmsum toga má þar t.d. nefna stytur sem þau gerðu úr jarðleir. Í útiverunni og nærumhverfinu skapaðist oft skemmtileg tenging við söguna og oftast var verið að leita af henni Búcollu

Í vor settum við upp sýningu fyrir foreldrana inn á Kríukletti þar sem afrakstur vetrarins var sýndur. Börnin fengu einnig tækifæri til að segja frá verkefnunum á sýningunni.

Samkvæmt umbótaáætlun síðasta vetrar var áætlað að vinna markvisst með Gefðu 10 og auka samtal og samskipti við börnin. Ekki náðist þetta markmið því lítið var um skráningar og mun það því fara í næstu umbótaáætlun.

Stór hluti af barnahópnum mun vera áfram á Kríukletti aðeins fjögur börn flytjast á milli deilda og önnur ný koma í þeirra stað.

Innra mat Krúklettss

	Tækifæri Til umbóta	Aðgerð til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Að auka samræðu og samskipti við fjöltýngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál.	Að gefðu 10 aðferðin sé notuð með öllum fjöltýngdum börnum deildarinnar. Skráning.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haust '22	Vor '23	Yfirfara skráningar blöð á fundum deildarinnar	Meta framfarir í málþroska barnanna eftir að allir starfsmenn hafa gefið barninu jákvæð málörvandi samskipti í leik og starfi eftir aðferð Gefðu 10.
Útikennsla „Úti er veður“	Hafa markvissa útikennslu og nota útikennslu boxin	Hafa fasta tíma í dagskipulaginu til útikennslu	Deildastjóri og starfsmenn	Haust '22	Vor '23	Skráningar og umræðumat á deildarfundum í nóv 22 og apríl 23	Að öll fái útikennslu 1 sinni í viku.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Námskrá var gerð með þeim börnum sem voru með stuðning. Unnið var markvist inn á deildum og í einstaklingsþjálfun út frá námskrá. Metin er svo árangur út frá AEPS sem er yfirfarinn á ca 3 mánaða tímabili. Mat eftir áramót var á hendi deildarstjóra og sérkennara hvers barns sem hennar naut.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, HLJÓM-2, Smábarna listinn, Íslenski Þroskalistinn og EFI-2
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Smáforrit í snjall tæki, gögn sem til eru í leikskólanum – fjölbreyttur efniviður er til.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Snemmtæk íhlutun Samþættingarlög/ farsældarlög ganga út á að við eigum öll að fylgjast með börnunum okkar og allir aðilar að leggjast á eitt að bregðast við með skilvirkum hætti um leið og þörf krefur.	Hafa samráð stjórnenda á milli með það að markmiði að þjónustan sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.	Sérkennslustjóri í samvinnu við deildir gerir stöðumat á almennum þroska barnanna. Leiðbeinir starfsfólki og gerir námskrá fyrir þá einstaklinga sem þurfa inngrip varðandi þá þætti sem þarf að styrkja. Samvinna við sérkennslufulltrúa, sálfræðing, talmeinafræðing og aðra fagmenn úr Reykjavík Austur.	Sérkennslu - stjóri leikskólastjóri.	Sept '22	Mai '22	Smábarnalistinn Íslenski þroskalistinn TRAS, AEPS Hljóm 2 EFI-2 Hvaða listi er notaður fer eftir aldri barnanna og vísbendingum / tilfinningu deildarstjóra og starfsmanna sem sérkennslustjóri hefur samráð með.	Metið á vorönn hvernig gegnið hefur að fara eftir námskránni Gátlistar munu vera þar við alla þætti sem styrktir eru og niðurstöður þeirra verða viðmiðin.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Vegna covid voru ekki námskeið í vetur en það hafa verið námskeið fyrir starfsmenn og við stefnum á að fá fræðslu fyrir starfsmenn um fjöltyngi og aðra menningu. Einnig höfum við höfum keypt bækur og spil.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er nokkuð markvisst notað gefðu 10. Unnið með Lubba á eldri deildum. Endursögn úr þjóðsöguverkefninu gefur innsýn í hvernig þau tileinka sér orðanotkun. Sögugrunnurinn notaður með öllum börnum Börnin fá “Orðabókin mín” en það eru myndir af barninu í daglegum athöfnum og orð sett á. Börnin fara með bókina heim og skoða með foreldrum og þau skrifa í bókina á sínu tungumáli
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Það er mikið lesið og talað um innihald (sögunnar) og þulur kenndar, ein í hverjum mánuði. Börnin segja frá atburðum úr sýnu lífi. Mikið spilað og lögð áhersla á orðanotkun og skilning.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Það er tekið HLJÓM-2 próf af öllum börnum á elsta ári. Við notum TRAS, Aeps og EFI-2 listana Einnig koma talmeinafræðingar að þeim börnum þar sem einhver frávik eru og meta þau.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við erum með alla þætti málsins og styður verkefnið okkar með þjóðsögum vel við það. Ritmál er sýnilegt á deildum, öll börn eru hvött til að segja frá sínum upplifunum og áhugamálum. Einn veðurfræðingur hefur hlutverk á hverjum degi þar þurfa þau að útskýra fyrir hópnum á deildinni hvernig veðrið í dag, hvaða klæðnað við þurfum í útiverunni, leikföng og svo frv.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fræðsla til starfsmanna	Miðlun og upplýsingar til starfsfólks. Kynning á Gefðu 10 aðferðinni til að nálgast börnin markvisst.	Námskeið á haustönn. Verkefni ákveðin fyrir veturinn.	Aðstoðar Leikskólastjóri Deildarstjórar	Haust '22	Vor '23	Gátlistar	Niðurstöður skoðaðar – ný áætlun í kjölfarið.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin á þessu ári voru einstaklingsmiðuð svokölluð snerpusamtöl það sem hver og einn starfsmaður ræddi eigin líðan og óskir við leikskólastjóra. Viðtölin gáfu góða raun og er ætlunin að reyna að koma álíka viðtölum við tvisvar á næsta vetri ræða um líðan, feril og fræðsluáhuga hvers og eins. Því miður féllu nokkur viðtöl niður vegna mikilla forfalla í starfsmannahópnum á vorönninni.

Starfsmenn af erlendum uppruna hafa stundað nám í íslensku með áherslu á málumhverfi í leikskóla

Starfsþróunarsamtöl verða haldin í október '22 og í mars '23 í svipuðu formi og snerpusamtölin með aðeins dýpri áherslu á símenntun og óskir starfsmanna varðandi þau námskeiðstilboð sem verða í boði á haustönninni og fram á vor. Að auki verður tekið til greina áhugasvið og þarfir kennara og annarra starfsmanna til að styrkja sig í starfi, samskiptum og verkefnum með börnunum.

Fræðsla / símenntun verður á skipulagsdögum í september, október og í febrúar.

September námskeið / fyrirlestur sjálfbærni.

Október fræðsla um útikennslu Menntastefna Reykjavíkur verkefnið Nú er úti veður.

Febrúar Heilsuskólinn – námskeið / heilsuefling.

Heilsunefndin í Klettaborg verður með innlegg og tillögur um eflingu heilsu, með áherslu á hreyfingu og hollt matarræði.

Fundir starfsmanna

Deildastjórafundir alla mánudaga kl. 9.00-10.30. Deildastjórafundir sitja deildastjórar og leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri einn mánudag í mánuði. Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild á föstudögum kl. 10.00 -10.45. Til viðbótar við deildarstarfsmenn mæta verkefnastjórar og sérkennslustjóri eftir þörfum. Fundir hjá leikskólastjóra með leikskólakennurum, sérkennslustjóra, verkefnastjórum, leikskólaliðum og leiðbeinendum sem eru með sérverkefni verða haldnir á mánudögum eftir þörfum frá kl. 13.00 - 14.00. Teymisfundir verða haldnir á þeim vikudögum sem henta hverju teymi fyrir sig og starfi leikskólans en ávallt á tímanum milli 10.00 -11.30.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við grunnskóla og frístundarmiðstöð hverfisins hefur verið með fjölbreyttum verkefnum yfir veturinn. Dagsetningar eru settar fyrir viðburðina/verkefnin að hausti í samstarfi við deildarstjóra grunnskólans og yfirmann frístundastarfsins. Hér í töflunni er stuðst við þá viðburði og verkefni sem verið hafa undanfarin ár. Í þessu verkefni taka þátt: Deildarstjóri elstu barnanna og kennarar 1. bekkjar í Hamraskóla ásamt skólastjórnendum beggja skólanna. Umsjón með verkefninu hefur Ásta Þorsteinsdóttir deildarstjóri í Klettaborg. Upphafsfundur með deildarstjóra, Ástu og 1. bekkjakennurum, dagsetningar og viðburðir ákveðnir en hér á eftir er áætlun án dagsetninga tekið mið af fyrri árum.

Grunnur af samvinnu - tímatafla

September Elstu börn Klettaborgar koma í heimsókn eftir að skólatíma lýkur hjá 1. bekk. Skólastjórnendur taka á móti þeim og sýna þeim stofuna hjá 1. bekk. Börnin fá tíma til að leika sér og skoða sig um.
Október Heimsókn í Hamraskóla samsöngur. 1 bekkur Hamraskóla kemur í heimsókn á Klettaborg tvískiptur bekkur.
Nóvember Nemendur úr 4. bekk lesa fyrir krakkana á Klettaborg í tilefni af Degi íslenskar tungu.
Nóvember Valtími, heimsókn í Hamraskóla og börnin taka þátt í vali með 1. bekk. 10- 12 leikskólabörn fara í einu
Desember Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur
Janúar Foreldrafundur í Hamraskóla með leikskólastjóra og skólastjóra Hamraskóla.
Janúar-apríl Heimsókn í frístund einu sinni í mánuði. Bryngeir umsjónarmaður frístundar og Ásta skipuleggja.
Febrúar Heimsókn í Hamraskóla. Börnin fara með nesti og taka einnig þátt í frímínútum.
Febrúar Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur
Mars Valtími í Hamraskóla í val með 1. bekk. upb. 10-12 leikskólabörn fara í einu.
Apríl Samsöngur í Hamraskóla.
Apríl-maí Vorskóli í Hamraskóla í lok maí fyrir þau börn sem eru skráð í 1. bekk þar haustið 2022. Ábyrgð foreldra að fara með þau í vorskólann – samstarf milli skóla að sækja þau eftir vorskólann
Maí Börn Klettaborgar og 1. bekkur hittast á skólalóð Hamraskóla í skipulögðum leikjum



8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í október. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Helsta hlutverk ráðsins er að gefa umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Foreldrafélag, tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum.

Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt.

Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum miðað er við einn fulltrúa frá hverri deild og varamenn. Einn tengiliður frá leikskólanum situr formlega fundi með stjórnarfulltrúum þegar verkefni eru til umfjöllunar sem tengjast hefðum leikskólans og foreldrafélagsins.

Foreldrafundir að hausti í október, auglýstir með góðum fyrirvara. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.30 og eru tvær deildir saman á fundi.

Foreldrafundur með foreldrum elstu barnanna í janúar dagsetning verður auglýst með góðum fyrirvara. Það er samstarfsverkefni Hamraskóla og Klettaborgar. Sá fundur er haldinn í Hamraskóla. Frístund er með á þeim fundi.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin og auglýsa tíma með góðum fyrirvara.

Foreldrum með annað tungumál en íslensku er boðið að fá túlk í öll samskipti við leikskólann það eru helst, í fyrsta upplýsingaviðtali þegar barnið byrjar í leikskólanum, í aðlögun 1-2 sinnum á aðlögunartíma, í foreldraviðtölum, foreldrafundum og eftir þörfum. Einnig er fenginn símatúlkur ef þörf er talin á því. Foreldrar fá hljóðskrá til sín þegar vinna með árlega þjóðsögu hefst í leikskólanum, til þess að geta hlustað á söguna með barninu og heyrt hvernig þjóðsagan er á íslensku. Nýtt eru þau tilkynningablöð sem hægt er að finna á vef Reykjavíkurborgar undir „Skilaboð frá leikskóla“. Foreldrum er jafnframt bent á þær vefsíður Reykjavíkurborgar sem gætu nýst þeim.

Fylgirit með starfsáætlun er viðburðardagatal þar sem fram koma ýmsir viðburðir ásamt skipulagsdögum og foreldrasamstarfi.

Tölvupóstar með helstu fréttum að deildum eru sendir oftast vikulega og leikskólastjóri sendir tvisvar til þrisvar á önn um starfið í heild og tilkynningar sem mikilvægar eru hverju sinni.

9 Skipulagsdagar

Á skólaárinu 2022 -2023 verða skipulagsdagar sem hér segir með fyrirvara um breytingar.

- | | |
|--|-----------------------------|
| 16. september '22 eftir hádegi = hálfur dagur. | 6. janúar '23 allan daginn |
| 7. október '22 allan daginn | 6. febrúar '23 allan daginn |
| 4. nóvember '22 allan daginn | 10. maí '23 allan daginn |
| 2. desember '22 eftir hádegi = hálfur dagur. | |



10 Skóladagatal



Leikskóladagatal 2022 - 2023



ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
Grænn mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður	Bláur mánuður
1 M Frídagur vestunarnám	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fullveldisdagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Verkalýðisdagurinn	1 F Almæli Kettaborgar	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F Skíplagsdagur eh.	2 M	2 F	2 F	2 S Pálmasunnudagur	2 Þ	2 F Sölgjaraugnadagur	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 Þ	4 F Skíplagsdagur	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Spóttadagurinn	4 Þ
5 F	5 M	5 L	5 L	5 M	5 F Jólin kvöld / þrettándi	5 S	5 S	5 M	5 F Dóladagur	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Skíplagsdagur	6 M	6 M	6 F Skítdagur	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F Skíplagsdagur	7 M	7 M	7 L	7 Þ Dagur fönistarskólans	7 Þ	7 F Fotadagurinn langi	7 S	7 M	7 F
8 M	8 F Dagur íreis	8 L	8 Þ Baráttudagur gegn enni	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ Leikskólinn opnar	9 F Hófuðisdagur	9 S	9 M	9 F Jólahúsdagur	9 M	9 F Foreldrar í morgunmat	9 F	9 S Fátisdagur	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F Rugladagur	10 M Annar / þakum	10 M Skíplagsdagur	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L Dagur íslenska táknmála	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 M Hrafn	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M Sumarið í vikunni	12 M
13 L	13 Þ	13 F Foreldrafundur Félk og Arn	13 S	13 Þ	13 F Vasalýðisdagur	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F Blekur dagur	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ Dagur stærðfræðinnar	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Skíplagsdagur eh.	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 F	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 L Lyðveldisdagurinn	17 M	17 M
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 Þ Barnamenningarhátíð	18 F Uppsýningardagur	18 S	18 Þ	18 Þ
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S Konudagur	19 S	19 M Blómaball	19 F	19 M	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F Skóladagur þorri	20 M Bolludagur	20 M	20 F Sunardagurinn fyrsti	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ Sprengdagur	21 Þ Dagur fjölbreytleikans	21 F Barnamenningarhátíð	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F Leikskólaréttinn	22 L Fyrsti vetrardagur	22 Þ	22 F	22 S	22 M Óskudagur	22 M	22 L	22 M	22 L	22 L
23 Þ	23 F Grænn dagur	23 S	23 M	23 F Þorláksmessa	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L Aftangadagur jóla	24 Þ	24 F Svartur dagur	24 F Neisidagur	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F	25 S	25 Þ Önnu og afa kaffi	25 F Brúnn dagur / ævintúrkerti	25 S Jóladagur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 F	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 L	26 M Annar jólam	26 F	26 S	26 M	26 F Fjölbúlar dagur	26 M	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F Bangadagur	27 S	27 Þ	27 F Hvítur dagur	27 M	27 F	27 L	27 L	27 F	27 F
28 S	28 M	28 F Búningadagur	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 F Gullur dagur	28 S Hvítasunnudagur	28 M	28 F
29 F	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M Annar í Hvítasunu	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M Tönnendavika	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M	31 M	31 M	31 L Gamlasdagur	31 L	31 Þ	31 F Appelsínugullur dagur	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M

Skíplagsdagur
16. september e.h.
7. október a.d.
4. nóvember a.d.
2. desember e.h.

Foreldrafundur
12. október - Krúkkettur og Hrafnaklettur
13. október - Félaklettur og Arnaklettur

Foreldrafundur
25. október - Ömmur og afa í kaffi
9. febrúar - Foreldrar í morgunmat

Sérstakir dagar
9. september - Hófuðisdagur
13. janúar - Vasalýðisdagur
27. október - Bangadagur
22. febrúar - Óskudagur
28. október - Búningadagur
19. mars - Rugladagur
8. desember - Jólahúsdagur
24. mars - Neisidagur
5. janúar - Þrettándi
19. apríl - Blómaball

Líndagur
23. september - Grænn dagur
24. febrúar - Svartur dagur
14. október - Blekur dagur
31. mars - Appelsínugullur
25. nóvember - Brúnn dagur
28. apríl - Gullur dagur
9. desember - Raubur dagur
27. janúar - Hvítur dagur

11 Greinagerð verkefnastjóra Menntastefnuverkefnisins „Nú er úti veður“

Menntastefnuverkefnið Nú er úti veður... hélt áfram í vetur með það að markmiði að þróa okkur áfram í vinnu með börnunum og stuðla að almennu heilbrigði. Verkefnið gerði okkur kleift að dýpka og styrkja þekkingu okkar sem við gátum miðlað til barnanna.

Markmið verkefnisins var m.a.

Að halda áfram þar sem frá var horfið, efla starfsfólk í að notfæra sér þau námsgögn sem búin höfðu verið til og auka þekkingu á heilbrigði og umhverfisvitund.

Að hvetja starfsfólk til að halda áfram að bæta í hugmyndabankann

Að fræða börn um mikilvægi þess að ganga vel um og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.

Að setja niður grænmeti að vori með uppskeruhátíð að hausti.

Að gera útiveru ánægjulega fyrir börn og starfsfólk í hvaða veðri sem er.

Markmið verkefnisins voru kynnt á skipulagsdegi í haust og eftir áramót voru fylltir út gátlistarnir *Læsi í leikskólum*. Deildarnar héldu áfram að skrá verkefnið í formi mynda sem voru aðgengilegar fyrir börnin til að skoða og rifja upp.

Deildarnar höfðu frjálst val um hvernig börnin myndu meta verkefnið en vegna Kórónuveirunnar féllu þau verkefni niður í vetur. Hins vegar voru umræður milli starfsfólks á deildarfundum um hvernig gengi og starfsfólk var duglegt að minna hvort annað á jafnt og þétt yfir veturinn.

Ávinningur verkefnisins er fjölþættur og hefur haft jákvæð áhrif jafnt á börn sem fullorðna. Námsgögn eru aðgengileg og hefur það skapað öryggi fyrir starfsfólk að nýta sér þau í útiveru, gönguferðir eru tíðari og útiveran er ánægjulegri fyrir alla. Ræktunarkassarnir slógu í gegn síðasta sumar og eru börnin spennt að bíða eftir að sá í og rækta grænmeti fyrir komandi haust.

Verkefnið heyrir undir þáttinn heilbrigði en þar sem það er mjög víðtækt þá teljum við að það nái að spanna alla grunnþætti Menntastefnunnar. Við munum halda áfram að bæta á okkur fjöðrum og fyrir næsta vetur munum við leggja aukna áherslu á umhverfismennt, læra um hringrás náttúrunnar og kenna börnunum að bera virðingu fyrir jörðinni.

12 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2022 – 2023
Leikskólinn Klettaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Magnúsdóttir
Ásgeir Andri Guðmundsson
Sif Vilhjálmsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráðið hefur farið yfir þessa starfsáætlun Leikskólans Klettaborgar fyrir veturinn 2022-2023 og uppfyllir hún þau skilyrði sem SFS setur.

Enn einu sinni setti Covid mark sitt á þennan vetur líkt og seinustu tvo. Starfsfólkið, þrátt fyrir smit og veikindi tók á sínum stóra og þótt þyrfti að forgangsraða verkefnum, gekk þetta vonum framár.

Eitt breyttist þó milli ára þar sem nú voru foreldraviðtölin í leikskólanum samanber símaviðtöl seinasta árs og var ánægjulegt að geta aftur hitt á starfsmann þrátt fyrir að símaviðtölin hafi einnig gengið vel.

Starfsmannakannanir og foreldrakannanir komu vel út og virðist almenn ánægja á öllum vígstöðum en einnig mikilvægt að vinna þeim atriðum sem hægt er að bæta.

Gaman var að heyra af verkefninu "Nú er úti veður" og skemmtilegt að það tengist þjóðsöguverkefninu sem mikil lukka er með.

Mjög spennandi "Gefðu 10" aðferðin og ánægjulegt að hún hafi verið prófuð og sýnilegur árangur hafi verið af henni.

Búumst við vetri þar sem skólastarf geti gengið sinn vanagang með meiri samstarfi frá foreldrum en hægt hefur verið síðastliðin ár. Þannig vinnum við öll saman í því að hafa leikskólann sem bestan fyrir alla sem koma að honum, hvort heldur börn, kennarar eða foreldrar

